



Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1226
komudagur 9.3.2006

Blönduósi, 8. mars 2006.

Efni: Umsögn um stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009.

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar hefur fjallað um erindi iðnaðarnefndar, sbr. bréf dags. 17. febrúar 2006 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009, 391. mál.


Bæjarstjórn gerði svofellda ályktun á fundi sínum 7. mars sl.

"Bæjarstjórn Blönduóssbæjar ítrekar umsögn SSNV dags. 28. október 2005 um stefnumótandi byggðaáætlun 2006 – 2009. Jafnframt er vísað til bréfs SSNV til iðnaðar- og viðskiptaráðherra vegna yfirlýsingar ráðherra frá 29. nóvember sl. um Byggðastofnun og sérstakar eflingar atvinnuþróunar á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum."

Þetta tilkynnist hér með.

Meðfylgjandi er umsögn SSNV, dags 28. október 2005 og bréf dags. 13. desember sem ritað var í kjölfar yfirlýsingar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um eflingu atvinnuþróunar.

Virðingarfyllst,



Jóna Fanney Friðriksdóttir
Bæjarstjóri

Erindi þetta var einnig sent í rafbréfi til nefndasviðs þ. 8. mars 2006.

SSNV. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. ssnv@ssnv.is

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Skrifstofa iðnaðarmála
Amarhvoli
150 Reykjavík

Hvammstanga 28. október, 2005

Málefni: Umsögn um uppkast stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009

Á fundi stjórnar SSNV, sem haldinn var 26. október sl, var uppkast af stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009, tekin til umsagnar og eftirfarandi bókanir gerðar:

Ályktun um sérstaka landshlutakjarna.

Með vísan i 4 lið byggðaáætlunar 2006-2009 þar sem talað er um styrkingu landshlutakjarna og sérstakan stuðning við svæði sem standa höllum fæti. Þá telur stjórn SSNV mjög brýnt að Norðurland vestra verði skilgreint í nýrri byggðaáætlun sem sérstakur landshlutakjarni sem þurfi að efla og styrkja.

Ályktun um menningarsamninga

Með vísan í 13 lið byggðaáætlunar 2006-2009 þar sem bent er á að góður árangur hafi náðst við gerð menningarsamninga á landsbyggðinni ásamt nauðsyn þeirra, þá telur stjórn SSNV gríðarlega mikilvægt að tilgreint sé í nýrri byggðaáætlun að menningarsamningar verði gerðir við Norðurland vestra og Vestfirði.

Ályktun um innanlandsflugvöll í Vatnsmýrinni í Reykjavík

Stjórn SSNV telur afar brýnt að flugvöllur innanlandsflugs verði áfram staðsettur í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Stjórnin undirstrikar þá nauðsyn að umræður og ákvarðanir um staðsetningu flugvallar fyrir innanlandsflug í höfuðborg Íslands verði á landsvísu þar sem um gríðarlega þjónustu og öryggishagsmuni er að ræða fyrir alla landsmenn. Þrátt fyrir góðan vilja stjórnvalda til að dreifa opinberum verkefnum á landsbyggðina hefur höfuðborgin sífellt fengið mikilvægari stjórnsýslustöðu í samfélaginu með fjölgun verkefna. Að sama skapi hefur mikilvægi greiðra samgangna landsbyggðarfólks við höfuðborgina aukist. Tími og fjarlægðir skipta gríðarlega miklu máli, sérstaklega er kemur að slysum, alvarlegum veikindum og hverskonar hamförum.

Fyrirsjáanlegt er að enn muni höfuðborgin okkar vaxa og dafna í þessum skilningi og greiður aðgangur og greiðar samgöngur landsbyggðarinnar að höfuðborginni

SSNV . Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. ssnv@ssnv.is

verður æ brýnni. Að færa innanlandsflugið út fyrir höfuðborgina mun enn auka á þann samskipta- og þjónustuójöfnuð sem íbúar landsbyggðarinnar búa við. Stjórn SSNV vill því með bókun þessari ítreka mikilvægi þess að innanlandsflug verði fram staðsett í Vatnsmýrinni og áréttar að um hagsmunamál landsbyggðarinnar er að ræða ekki síður en Reykvíkinga og ber að ræða málið og taka ákvarðanir í því ljósi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Jakob Magnússon,
framkvæmdastjóri SSNV.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Bt.Valgerðar Sverrisdóttur, ráðherra
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Hvammstangi 13.desember, 2005

Málefni: Yfirlýsing iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 29.nóvember sl. vegna Byggðastofnunar og sérstakrar eflingar atvinnuþróunar á Ísafirði, Akureyri og Egilstöðum

Á fundi stjórnar SSNV sem haldinn var 8.desember sl. var yfirlýsing ráðherra til umræðu og eftirfarandi bókanir gerðar

Stjórn SSNV vill koma á framfæri athugasemdum vegna umræddrar yfirlýsingar ráðherra og leggur fram svohljóðandi:

Ályktun um atvinnuþróunarstarfsemi

“Stjórn SSNV telur að yfirlýsing iðnaðar- og viðskiptaráðherra um að efla eigi atvinnuþróunarstarfsemi sérstaklega á Ísafirði, Egilsstöðum og Akureyri sé í mótsögn við niðurstöðu starfshóps, sem skipaður var í júní 2005, um framtíðarþróun Byggðastofnunar. Í niðurstöðu starfshópsins segir m.a.

“Ástæða er til að endurmeta til hvaða svæða einstakar aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum beinast, með það að markmiði að tekið verði sérstaklega á vanda þeirra byggðalaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun og eiga undir högg að sækja í atvinnumálum”.

Telur stjórn SSNV það skjóta skökku við að Norðurlands vestra sé hvergi getið í yfirlýsingu ráðherra. Fólksfækkun hefur verið mikil á svæðinu og atvinnutækifæri og nýsköpun ábótavant. Jafnframt vill stjórnin minna á að í drögum að nýrri Byggðaaáætlun 2006-2009 er kynnt að ein veigamesta breytingin á einu meginmarkmiði áætlunarinnar sé að sérstaklega verðu hugað að þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Hvetur stjórn SSNV stjórnvöld til að lita sérstaklega til Norðurlands vestra þegar kemur að átaki til atvinnuþróunar og nýsköpunar. Stjórn SSNV gerði sérstakar athugasemdir við drög að byggðaaáætlun 2006 – 2009 vegna þess að ekki var getið um uppbyggingu landshlutakjarna á Norðurlandi vestra. Óskar stjórn SSNV að tekið verði tillit til þeirra athugasemda”.

Ályktun vegna Byggðastofnunar

“Stjórn SSNV lýsir yfir áhyggjum vegna stöðu Byggðastofnunar og hvetur stjórnvöld til að standa þétt að baki stofnuninni og verkefnum hennar. Byggðastofnun gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnusköpun og þróun byggðar á landinu öllu. Stjórn SSNV telur brýnt að stofnunin verði efld til að hún geti betur gegnt hlutverki sínu til stuðnings sprotafyrirtækjum á landsvísu og stundað mikilvægar rannsóknir í þágu þjóðarinnar allrar”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Jakob Magnússon,
framkvæmdastjóri SSNV